

Lagt fyrir fund velferðarráðs 6. október 2021

**Tillaga velferðarráðs**

Velferðarráð felur velferðarsviði að fara í viðræður við Alzheimersamtökin um rekstur dagdvalar og samnings um rekstur Foldabæjar. Niðurstöður þeirra viðræðna verði síðan lagðar fyrir velferðarráð.

**Greinargerð:**

Foldabær er herbergjasambýli/stoðbýli fyrir átta konur með Alzheimer/heilabilun. Heimilið heyrir undir hjúkrunarheimilið Droplaugastaði þó rekstur þess falli ekki undir heilbrigðisþjónustu og ríkið styrkir því ekki reksturinn.

Stefna Reykjavíkurborgar er að auka stuðning og þjónustu við fólk í heimahúsi þannig að fólk geti valið sér búsetu. Það er því er síður þörf á litlum búsetueiningum eins og var þegar Foldabær var stofnað.

Alzheimersamtökin hafa óskað eftir því að Reykjavíkurborg styrki þeirra starf með því að útvega húsnæði fyrir starfsemi Fríðuhúss og velferðarráð felur hér með velferðarsviði að fara í viðræður við Alzheimersamtökin um hvort Foldabær henti fyrir dagdvöl sem samtökin reka nú í Fríðuhúsi að Austurbrún en þá jafnframt að Alzheimersamtökin taki þá að sér tímabundinn rekstur Foldabæjar þannig að núverandi íbúar geti búið þar eins lengi og þeir kjósa eða þurfa. Með því móti verður húsið áfram nýtt undir þjónustu fyrir fólk með heilabilun.

